

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Leirár- og Melahrepps. Samþykki annarra sveitarfélaga er standa að svæðisskipulaginu liggur fyrir. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfisstofnun, 24. október 2000.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

## AUGLÝSING

**frá ríkisskattstjóra nr. 14/2000 um álagningu á árinu 2000 samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt og lögum um tryggingagjald.**

Með vísan til 118. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ríkisskattstjóri ákveðið að breyta tímamarki því sem skattstjórum er sett, sbr. 93. og 98. gr. sömu laga, til að ljúka álagningu á skattaðila vegna tryggingagjaldstofns á árinu 1999 og tekna og eigna í lok þess árs og semja og leggja fram álagningarskrár sem hér segir:

Álagningu tekjuskatts og eignarskatts á lögaðila skal lokið eigi síðar en 31. október 2000.

Álagningu tryggingagjalds skal lokið eigi síðar en 31. október 2000.

*Reykjavík, 26. október 2000.*

**Indriði H. Þorláksson** ríkisskattstjóri.

## AUGLÝSING

**frá ríkisskattstjóra nr. 15/2000 um framlengingu á fresti skattstjóra til að afgreiða kærur vegna álagningar opinberra gjalda einstaklinga.**

Með vísan til 118. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ríkisskattstjóri ákveðið að breyta tímamarki því sem skattstjórum er sett, sbr. 99. gr. sömu laga, til að úrskurða kærur sem bárust vegna þeirrar álagningar opinberra gjalda á einstaklinga er lauk 31. júlí 2000.

Skattstjórar skulu í stað 29. október hafa lokið við að úrskurða kærur þann 22. desember 2000 vegna álagningar gjalda á tekjur ársins 1999 og eigna í lok þess árs.

*Reykjavík, 26. október 2000.*

**Indriði H. Þorláksson** ríkisskattstjóri.